

Íslenskur iðnaður



12. tölublað 19. árg.

Desember 2013

Samtök iðnaðarins

SI

Samtök iðnaðarins óska félagsmönnum sínum og öðrum lesendum gleðilegra jóla, árs og fríðar. Megi komandi ár færa gæfu og velgengni.



Nýtt upphaf fyrir hundruð fyrirtækja

Samtök iðnaðarins fagna niðurstöðu Hæstaréttar sem stórsigri fyrir hundruð aðildarfyrirtækja sinna sem fengu viðurkenningu á því að lánasamningar en ekki leigusamningar hefðu verið gerðir við SP Fjármögnun. Dómurinn hefur víðtækt fordæmisgildi og mun umbreyta efnahagsreikningum fyrirtækja til góðs, eyða óvissu og skapa mörgum þeirra nýtt upphaf. Málið var rekið með stuðningi og aðkomu Samtaka iðnaðarins.

Skuldastaða fyrirtækja hefur verið óljós og fyrirtækjum þannig gert ómögulegt að kaupa eða selja framleiðslutæki og tól. Þessi lamandi óvissa hefur staðið síðastliðin þrjú ár og tafið verulega fyrir nauðsynlegri endurreisn íslensks atvinnulífs. „Þessi síðasti dómur kemur okkur hjá Samtökunum alls ekki á óvart. Dómstólar hafa ítrekað komist að sömu niðurstöðu varðandi ólöglega gengistryggða kaup- og fjármögnunarleigusamninga. Ítrekað hafa dómstólar komist að þeirri niðurstöðu að þessir leigusamningar hafi í raun verið dulbúnir lánasamningar í erlendri mynt og því dæmdir ólöglegir. Fjármögnunarleigufyrirtækjunum ber því að endurreikna þá án frekari tafa. Samningar Landsbankans voru að engu leyti frábrugðnir öðrum ólöglegum gengistryggðum samningum“ segir Árni Jóhannsson forstöðumaður mannvirkjasviðs SI.

„Dómurinn hefur áhrif á fjölmörg fyrirtæki í margvíslegum atvinnugreinum. Samningar af þessu tagi eru algengir í framleiðsluiðnaði, verktöku, landbúnaði og fiskvinnslu svo eitthvað sé nefnt“, segir Árni.

Kristrún Heimisdóttir nýr framkvæmdastjóri SI

Kristrún Heimisdóttir er mörgum félagsmönnum kunn frá því hún var lögfræðingur SI í fimm ár, 2001 til 2006. Kristrún var valin af stjórn SI úr hópi 45 umsækjenda.

„Ég er full tilhlökkunar að taka til starfa með félagsmönnum í SI sem fyrirlíði í sterku liði starfsmanna. Samtök iðnaðarins eru stærstu atvinnurekendasmötök á Íslandi og mitt fyrsta verk verður að heimsækja sem flest fyrirtæki með teymi starfsmanna til að heyra beint frá félagsmönnum hvernig þeir upplifa stöðu atvinnulífsins. Það eru raddirnar sem SI þarf að miðla út á við til að skapa betri sameiginlegan skilning allra Íslendinga á því hvað þarf að gerast til góðs fyrir allt atvinnulífið“ segir Kristrún Heimisdóttir nýráðinn framkvæmdastjóri.

Kristrún tekur við af Orra Haukssyni sem lét af störfum í nóvember.

bls. 2

Leiðari:
Fyrir 20 árum
og framundan
eftir 20 ár



bls. 3


Raki og mygla
í byggingum



bls. 4 - 5

BOÞID
BOÞID

Kept
í hugviti



bls. 9

Ágætur
hagvöxtur en
margþætt óvissa



bls. 12

Iðnþing 2014
20 ára afmæli

Fyrir 20 árum og framundan eftir 20 ár

Á árinu... „áttu sér stað gleðileg umskipti í þjóðarbúskapnum. Hagvöxtur glæddist á nýjan leik eftir lengsta tímabil stöðnunar og samdráttar í sögu lýðveldisins. Um 1900 ný störf urðu til á árinu og nú hefur verið snúið af óheillabraut vaxandi atvinnuleysis. Útflutningur iðnvara stórkjóst á árinu eða um 27% prósent af verðmæti. Kemur sú aukning bæði fram í stóriðju og í fjölmörgum greinum almenns iðnaðar. Þessi útflutningsaukning staðfestir vonandi það sem Samtök iðnaðarins hafa lengi haldið fram: Vaxtarmöguleikar í íslensku atvinnulífi á næstu árum hljóta öðru fremur að felast í vexti iðnaðar.“

Umrætt ár er 1994 en 1. janúar tóku Samtök iðnaðarins til starfa og sá sem lýsir svo fyrsta starfsárinu er Haraldur Sumarliðason húsasmíðameistari fyrsti formaður Samtakanna.

Það voru sex félög sem sameinuðust í SI eftir langan og svo vandaðan undirbúning að það tókst að leggja margvísleg þrætuepli til hliðar og mynda stærstu samtök atvinnurekenda á Íslandi. Loksins skapaði iðnaðurinn sér stöðu sem samræmdist sannarlega mikilvægi framlags greinarinnar til þjóðarbúsins. Menn vildu umfram allt hafa afl til að styrkja stöðu iðnaðarins andspænis hagstjórninni innanlands og til að sækja fram á opnum alþjóðlegum markaði. Sveiflujöfnun trónaði efst á forgangslista stefnumála.

Sama dag og Samtök iðnaðarins tóku til starfa varð Ísland aðili að innri markaði Evrópu með EES samninginn sem aðgöngumiða sinn. Það skref átti eftir að breyta gjörvallri umgjörð atvinnulífs í landinu og skapa fleiri tækifæri en nokkurn óraði fyrir. „Það verður að teljast glæsilegur árangur hjá útflytjendum iðnaðarvöru að auka magn útflutnings um 22 prósent á einu ári“ sagði í ársskýrslu Samtakanna um árangur iðnaðarins fyrsta árið á innri markaðnum.

Umbreyting iðnaðarins varð ævintýrleg með tilkomu fyrirtækja sem sköpuðu sér leiðandi alþjóðleg hlutverk á sínum sviðum og líka einstaklega farsæl því sársaukinn varð minni en af inngöngunni í EFTA og varanleg verðmætasköpun meiri. Við afmælisáramót má öllum vera ljóst, sem um það hugsa, að nútíma íslenskt atvinnulíf hefði verið ómöguleiki

án innri markaðarins. Þessvegna ættu menn líka að spyrja sig þeirrar spurningar – hvar yrði Ísland statt ef það missti aðganginn að innri markaðnum?

Iðnréttindin sem fagmenn afla sér með námi og viðurkenndri kunnáttu eru aðgöngumiði hvers og eins einstaklings að tækifærum á 550 milljóna manna opnum markaði. Á þeim markaði hefur engin krísa verið, þvert á móti er hann jafn opinn og hann hefur alltaf verið. Það er Ísland sem hefur lokast í mörgum skilningi þess orðs og sér ekki fyrir endann á.

Nú væri við upphaf nýs árs ekkert meira gaman en geta fagnað jafn gleðilegum umskiptum í þjóðarbúskapnum og formaður Samtaka iðnaðarins gat gert fyrir 20 árum. Hagvöxtur hefur sem betur fer glæðst á síðasta fjórðungi ársins. Hann er hins vegar ekki fjárfestingadrifinn og raunar er það svo að nú hefst sjötta árið í sögu Íslands án fjárfestingadrifins hagvaxtar. Við höfum fyrr í þessari kreppu séð hagvaxtartölur rísa byggðar á einkaneyslu t.d. vegna endurreiknings á gengistryggðum lánum heimila og útgreiðslu séreignalífeyrisparnaðar. Það sem við þurfum er að fjárfestingin fari í gang. Þá verður sannarlega hægt að fagna eins og Haraldur gat gert fyrir 20 árum í krafti nýsköpunar, framleiðni og verðmætari útflutnings.

Áhrif hrunsins á einstakar atvinnugreinar voru mismunandi frá upphafi. Gjaldmiðilskreppan breytti starfsskilyrðum sumra greina mjög til góðs með lækkun krónunnar en á hinn bóginn fundu gríðarlega mörg fyrirtæki fyrir högginu af snarhækkun lána í erlendri mynt og það er fyrst núna sem sér fyrir endann á umreikningi þeirra og þar með þeirri óvissu sem hefur fjötrað hundruð fyrirtækja og komið í veg fyrir fjárfestingu og framsækni. Þeim hluta úrvinnslu hrunsins er að ljúka en eftir standa gjaldeyrishöft og glotta til þjóðar sem virðist ekki kunna ráð til að losna við þau.

Íslendingum gengur ekki nógu vel að sameinast um lyklatríði agaðrar hagstjórnar. Og þó við stöndum frammi fyrir grundvallarspurningum þar sem svörin þola ekki bið erum við iðnari en nokkru sinni fyrr að deila um allt annað en aðalatriðin.

Á afmælisári er áskorun Samtaka iðnaðarins því engu minni en hún var í upp-



Kristrún Heimisdóttir
framkvæmdastjóri SI

hafi. Ísland verður að ná tókum á að stýra eigin hagstjórn þannig að dugi samkeppnishæfu og verðmætaskapandi atvinnulífi til vaxtar. Ísland verður að vera aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki því landið má einfaldlega ekki við því að tapa þeim burt.

Til að viðhalda þeim lífskjörum sem þjóðin hefur vanist þarf að tvöfalda raunverðmæti útflutnings. Sé litið fram til ársins 2030 eins og t.d. var gert í McKinsey skýrslunni sem út kom á fyrrihluta ársins, sést að Ísland þarf á meiri framleiðsluvexti að halda en flest önnur ríki innan OECD. Framleiðni er það sem þarf.

Samtök iðnaðarins sigla inn í afmælisárið með fjölbreyttari fyrirtæki, starfsgreinahópa og samstarfsvettvanga innanborðs en nokkru sinni fyrr. Meginstöðir hins stefnumarkandi starfs SI hafa frá upphafi verið heildstæð hagstjórn annars vegar og nýsköpun og þróun hins vegar. Samtökunum hefur tekist vel að vera í senn samtök stærstu fyrirtækja landsins í rótgrónustu atvinnuvegum og líka vettvangur nýhugsunar og samstarfs fyrirtækja á upphafsreit. Tekist hefur í gegnum SI að móta nýja og sterkari umgjörð nýsköpunar í atvinnulífi en áður þekktist. Nýsköpun, vöruþróun og sókn á nýja markaði er það sem Ísland þarf á að halda. Því sem áður var hent er nú nýtt t.d. í framleiðslu landbúnaðarafurða og því sem nú er hent er jafnframt áfram-sent sem verðmæti til annarra landa. Tækifærin eru óteljandi og ófyrirséð.

Samtök iðnaðarins munu fagna 20 ára afmæli sínu á nýju ári með því að fagna aukinni fjölbreytni í íslenskum iðnaði og krefjast þess í krafti samtakamáttar heildarinnar að fá að keppa á sömu viðskiptalegu forsendum og best gerist í öðrum ríkjum.

Raki og mygla í byggingum heilsa, hollusta, aðgerðir



Málþing um myglu og rakaskemmdir í byggingum sem haldið var á Akureyri var afar vel sótt. Mörg fróðleg erindi voru flutt og pallborðsumræður voru líflegar.

Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir, sveppafræðingur, fjallaði um óboðna sveppi í íslenskum húsum. Hún sagði frá nokkrum tegundum smásveppa sem gjarnan vaxa innanhúss og þeirri fjölbreyttu fungu sem finna má á smábút af blautu byggingarefni.

Sylgja Dögg Sigurjónsdóttir, BSc í líffræði, sagði m.a. frá reynslu sinni í baráttunni við sveppi og kynnti kostnaðartölur sem þessi vágstur hefur í för með sér og heimfærði tölur frá öðrum löndum yfir á Ísland.

Jón Guðmundsson, fagstjóri byggingarsviðs Mannvirkjastofnunar og Björn Marteinsson, sérfræðingur hjá Nýsköpunarmiðstöð, fjölluðu um mikilvægi þess að loftræsting í mannvirkjum sé fullnægjandi. Þeir segja rannsóknir skorta á umfangi heilsuvanda tengdum rakaskemmdum og ræddu hvaða hagfræðilegu áhrif slík vandamál geta haft. Þeir segja að betri úrræði vanti fyrir fólk og óljóst til

hvaða stofnana fólk geti leitað sem lendir í slíkum hremmingum.

Erindi Þóreyjar Agnarsdóttur, heilbrigðisfulltrúa Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, snerist um raka og myglu í byggingum, heilsu, hollustu og aðgerðir. Þórey rakti hvernig mál sem berast eftirlitinu eru meðhöndluð.

Tómas Guðbjartsson, hjartaskurðlæknir sagði að lokum frá sinni eigin reynslu af rakaskemmdu húsnæði á Landspítala við Hringbraut. Eftir að hafa leitað til ótal kollega, tekið sýklalyf í næstum 7 mánuði og gengist undir skurðaðgerð á ennisholum kom í ljós að orsökina var rakaskemmt vinnuhúsnæði. Tómas tók fram að efla þyrfti fræðslu lækna og læknanema um þessi vandamál og kallaði eftir vitundarvakningu enda meðferð flóknari en hefðbundin sýklalyf og sterar.

Pallborðsumræður

Fjörugar umræður urðu að loknum fyrirlestur. Meðal annars kom fram að Finnar hafa unnið markvisst að þessum málum í um 30 ár. Finnskir vísindamenn og skoðunaraðilar treysta ekki á loft-sýnatökum við skoðun á húsnæði. Þar

sem mygla er sjáanleg er engin þörf á sýnatöku heldur skal fjarlægja mygluna því að öll mygla, sem vex innandyrna, telst vera áhættuþáttur. Einnig kom fram að á kaldari svæðum má búast við að mygla leynist undir gólfefnum eða í veggjum. Því þarf að efnisrakamæla og opna byggingarefni til wað ganga úr skugga um raunverulegt ástand bygginga. Eiturefni og skyndilausnir duga ekki til að leysa vandann þar sem þurr gömul mygla hefur sömu heilsufarsleg áhrif og sú sem er í fullum vexti. Árangur næst eingöngu ef rakaskemmd og mygluð byggingarefni eru fjarlægð.

Margir aðrir þættir en raki hafa áhrif á heilnæmi innilofts en byggingar skemmast í 70-80% tilvika vegna niðurbrots, raka og lífvera sem honum fylgja. Forvarnir vegna raka í húsnæði er því mikilvægt skref, bæði vegna tjóns og galla.

Fyrsta skrefið til að leysa slíkt vandamál er að fagstéttir og stofnanir viðurkenni vandamálið, hafi samráð og miðli upplýsingum, bæði sín á milli og til almennings.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is



Keppt í hugviti

Framhaldsskólanemar fjölmenntu í HR til að etja kappi í hugvitssemi og verkviti þegar Boxið – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna var haldin í þriðja sinn. Markmið keppinnar er að kynna og vekja áhuga á tækni, tækninámi og störfum í iðnaði.


Kvennaskólinn í Reykjavík sigraði, Menntaskólinn í Reykjavík varð í öðru sæti og Fjölbautarskóli Suðurlands í því þriðja. Meðlimir sigurliðsins hlutu Ípad mini í verðlaun og bikar til eignar. Annað og þriðja sæti hlaut Ípod og allir keppendur fengu viðurkenningarskjál auk þess sem fyrirtækin verðlaunuðu þau lið sem þóttu skara fram úr.

Í forkeppni tóku þátt átján lið og komust átta efstu áfram. Liðin sem kepptu til úrslita voru: Menntaskólinn í Reykjavík, Verslunarskóli Íslands, Tækniskólinn, Menntaskólinn við Sund, Fjölbautarskóli Suðurlands, Flensborgarskóli, Kvennaskólinn og Menntaskólinn við Hamrahlíð. Þess má geta að í ár voru stelpur í úrslitakeppninni sjö talsins en aðeins tvær í fyrra.

Í Boxinu þurfa keppendurnir að geta unnið hratt og vel að sameiginlegu markmiði og sýna fram á ákveðið hug- og verkvit auk þess sem liðsheild skiptir miklu máli. Keppni af þessu tagi er því góð leið til að gera margvíslegum hæfileikum hátt undir höfði.

Liðin fóru í gegnum þrautabraut með nokkrum stöðvum og fengu hálf tíma til að leysa hverja þraut. Hvert lið var skipað af fimm einstaklingum. Þrautirnar voru settar saman af fyrirtækjum úr ólíkum greinum iðnaðar með aðstoð fræðimanna HR. Við mat á lausnum réð meðal annars tími, gæði lausnar og frumleiki. Dæmi um þrautir voru t.d. að búa til lítið fley sem gat flotið á vatni, leysa forritunarþrautir, búa til píanó úr álpappír með aðstoð tölvuforrits og setja saman ýmsa hluti.

Að keppninni standa Samtök iðnaðarins, Háskólinn í Reykjavík og Samband íslenskra framhaldsskólanema. Fyrirtækin sem komu að gerð þrautanna í ár eru Ístak, Marel, Skema, JSÓ, Promens, TM Software og Marorka.



Samtök iðnaðarins veita ráðgjöf og aðstoða við innleiðingu gæðastjórnunar, CE merkinga og áfangavottana. Sjá nánar á www.gsi.is



Sjóður stofnaður til eflingar forritunar og tækniþekkingu barna

Reiknistofa bankanna og Skema hafa rýtt úr vör sjóði sem ber nafnið „Forritarar framtíðarinnar.“ Meginhlutverk sjóðsins er að efla forritunar- og tækni-menntun í grunn- og framhaldsskólum landsins.

Atvinnulífið tekur höndum saman

Að sjóðnum koma fyrirtæki af öllum stærðum sem leggja honum lið, svo sem með fjárframlögum, tækniþúnaði, þekkingu og ráðgjöf. Bakhjarlar sjóðsins eru Nýherji, Íslandsbanki, Landsbankinn, Microsoft, RB, Cyan veflausnir og CCP. Atvinnulífið er mikilvægur hluti þessa samfélagsverkefnis og geta fyrirtæki lagt sitt af mörkum til að efla enn frekar tækniþekkingu íslenskra ungmenna.

Stjórn sjóðsins skipa Gísli Þorsteinson, Nýherja, Guðmundur Tómas Axelson RB, Katrín Dóra Þorsteinsdóttir SI, Ragnhildur Geirsdóttir, Landsbankanum og Sigríður Olgeirsdóttir, Íslandsbanka.

Skortur á tæknimenntuðu fólki

Upplýsingatæknigeirinn vex hratt og má segja að fáar atvinnugreinar geti í dag þrífist án tækni. Ísland stendur frammi fyrir skorti á tæknimenntuðu fólki en samkvæmt skýrslu starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og SI útskrifast um 500 manns á ári af raungreina- og tæknisviðum HÍ á meðan þörfin er um 1.000 manns.

Þórunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri Skema segir að börn og unglingar verji



miklum tíma í kringum tækni en oft á tíðum sé þeirra reynsla sú að þau verða neytendur tækni í stað þess að fá tækifæri til að vinna og skapa út frá tækniinni. „Mikilvægt er að þau fái þá þjálfun og þekkingu sem til þarf til að kveikja áhugann - en áhugi er fyrsta skrefið í átt að því að efla enn frekar tæknimenntun þjóðarinnar.“

Skólar og sveitarfélög geta sótt um styrk

Skólar og sveitarfélög geta sótt um styrki úr sjóðnum til að efla tæknikennslu og

notkun tækni í skólastarfi og fá til þess þjálfun, ráðgjöf og tækjabúnað, allt eftir þörfum umsóknaraðila. Skema mun sjá um þjálfun og ráðgjöf til styrkþega, en fyrirtækið hefur unnið ótulllega að því að undanfarin ár að kenna börnum frá 6 ára aldri að forrita auk þess að þjálfa kennara og vinna að aukinni notkun tækni í skólastarfi.

Opnað var fyrir umsóknir 22. nóvember á www.forritarar.is

Stjórnendum fyrirtækja sem áhuga hafa á þátttöku er bent á að hafa samband við sjóðinn.

Áherslur og markmið Litla Íslands mótuð

Efnt var til stefnumóts í nóvember til að fylgja eftir Smáþingi sem haldið var 10. október. Um opinn vinnufund var að ræða þar sem ræddar voru helstu áherslur og markmið í starfi Litla Íslands - nýs vettvangs þar sem lítill fyrirtæki vinna saman óháð atvinnugreinum.

Ljóst er að hlúa þarf vel að þessum fyrirtækjum því tækifærin eru mikil ef þau fá að blómstra. Könnun SA sem birt var á Smáþingi sýnir að lítil og meðalstór fyrirtæki á Íslandi áforma fjölgun um 17.500 störf næstu 3-5 árin. Lítil fyrirtæki með allt að 50 starfsmenn áforma fjölgun um 14 þúsund störf og munar um minna.

Stefnumótið heppnaðist einstaklega vel og vinna er hafin við að greina þær fjölmörgu hugmyndir sem þar voru lagðar fram. Niðurstöðurnar verða kynntar síðar en meðal þess sem fram kom er að halda á lofti mikilvægi lítilla fyrirtækja, skapa virkan vettvang til að tengjast og læra hvert af öðru, minnka reglubyrði og einfalda skattkerfið.

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
12. tbl. 19. árg. desember 2013
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 19.12.2013
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.
Ljósmyndir: Odd Stefán, forsiða Golli, Kjartan Þorbjörnsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Kristrún Heimisdóttir
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Bætist í hóp vottaðra fyrirtækja innan SI



Jáverk ehf., Tengill ehf. og ÁK Smíði ehf. hlutu á dögnum D - vottun SI og Vestfirskir verktakar ehf. C - vottun. Sífellt fleiri fyrirtæki fara í gegnum áfangaskipta gæðavottun SI í þeim tilgangi að bregðast við aukinni samkeppni og gera reksturinn betri og arðvænni.

JÁVERK ehf. er verktakafyrirtæki sem starfar á útboðsmarkaði og í eigin verkum. Fyrirtækið hefur á að skipa öflugum starfsmönnum, stjórnendum og tækjabúnaði og getur því tekist á við verkefni af hvaða stærðargráðu sem er. Starfsmenn eru um 110 en fyrirtækið hefur einnig byggt upp öflug sambönd við fjölda undirverktaka og birgja. Skrifstofur eru bæði á Selfossi og í Reykjavík.

Tengill ehf. var stofnaður 1. september 1987 og starfsemin þá sem nú alhliða rafverktakavinna. Á árinu 2005 var stofnuð tölvudeild undir merkjum fyrirtækisins.

Tengill ehf. þjónustar mörg fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga í sambandi við viðhaldsvinnu, nýlagnir, kælivélþjónustu, heimilistæki, raf-lagnir í bátum, bílum, landbúnaðartækjum, ljósleiðaratengingum, tölvuviðgerðir og margt fleira.

ÁK Smíði ehf. var stofnað 4. apríl 2004 af Ármanni Ketilssyni húsa-smíðameistara. ÁK Smíði er staðsett á Akureyri. Í byrjun störfuð tveir starfsmenn hjá ÁK Smíði en fjölgaði hratt næstu árin. Í dag starfa þar að jafnaði 16-20 manns. Verkefni ÁK Smíði eru viðhald og breytingar, parkettþússningar og nýsmíði.

Vestfirskir verktakar ehf. voru stofnaðir þann 8. október árið 2003 þar sem rann saman starfsemi þriggja fyrirtækja, Eiríkur og Einar Valur hf., GS trésmíði og Múrkraftur. Eigendur fyrirtækisins eru þeir Sveinn Ingi Guðbjörnsson, Garðar Sigurgeirsson og Hermann Þorsteinsson.

Markmið Vestfirska verktaka er að veita alhliða fyrsta flokks þjónustu á sviði nýbygginga, almenns viðhalds og endurbóta. Höfuðstöðvar Vestfirska verktaka eru á Skeiði 3, Ísafirði.



Michelsen úrsmiðir meðal þeirra fremstu

Michelsen Arctic Explorer er ein besta jólagjöfin í ár samkvæmt stærstu úrasíðu í heiminum. Þar eru úrin sögð „frábær, bæði frá tæknilegu og fagurfræðilegu sjónarhorni“.

Arctic Explorer úrið er í góðum félagsskap en önnur heimsfræg merki sem mælt er með í pakkann í ár eru m.a. Rolex, Patek Philippe, Audemars Piguet, A. Lange & Söhne, Panerai og Tudor.

Úr Vilborgu pólfara

Helst hefur Arctic Explorer úrið vakið athygli fyrir að hafa staðið sig fullkomlega í 40°C frosti og erfiðu veðri hangandi utan á jakka Vilborgar Örne pólfara þegar hún gekk á Suðurlóðinn veturinn 2012.

Um Michelsen úrsmíði

Michelsen úrsmíðir var stofnað árið 1909 þegar fyrsti Michelsen úrsmíðurinn setti upp úraverslun og verkstæði á Sauðárkróki. Michelsen úrsmíðir eru þekktir fyrir fagmennsku og vandað handverk og það er þessi þekking sem hefur haldið fyrirtækinu gangandi í yfir 100 ár. Fjórar kynslóðir úrsmíða eru í Michelsen fjölskyldunni sem verður að teljast einstakt.

Úraframleiðsla fyrirtækisins var hleypt af stokkunum eftir rúmlega 70 ára hlé 1. desember 2009 til að fagna aldarafmæli fyrirtækisins. Úrin vöktu mikla lukku og hefur framleiðslan undið upp á sig með auknu og vönduðu úrvali.



Skúlaverðlaunin 2013

Árlega er efnt til verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn meðal þátttakenda í sýningunni Handverk og Hönnun. Þeir sem valdir voru til þátttöku gátu tilkynnt um vöru í verðlaunasamkeppni um besta nýja hlutinn. Skilyrðin voru að hlutirnir máttu hvorki hafa verið sýnis né sölu opinberlega fyrir sýninguna í Ráðhúsinu. Um þrjátíu tillögur bárust frá tuttugu aðilum.

Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta sem var frumkvöðull smá-iðnaðar í Reykjavík. Fagleg valnefnd sem Guðbjörg Gissurardóttir grafískur hönnuður og Eva Vilhelmsdóttir fatahönnuður skipuðu valdi verðlaunahafa.

Skúlaverðlaunin 2013 hlaut Helga Ósk Einarsdóttir gullsmíður og skartgripahönnuður fyrir verkið „Jafnvægi“. Helga Ósk sem er einn af okkar fremstu gullsmíðum er með mjög persónulegan og skemmtilegan stíl og vinnur einnig með gamla víraverkið á nýstárlegan hátt.

Auk verðlaunanna var veitt ein viðurkenning en hana hlaut Kristín Sigfríður Garðarsdóttir leirlistakona fyrir verkið „Doppur“.

Verðlaunin eru styrkt af Samtökum iðnaðarins og var það Orri Hauksson framkvæmdastjóri SI sem afhenti verðlaunin.



Starfsskilyrði og fjármögnun rædd

Aðalfundur CleanTech Iceland var haldinn í Svartsengi. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Steindór Pálsson bankastjóri Landsbankans voru gestir fundarins. Ragnheiður Elín fjallaði um möguleika grænnar tækni til að vaxa og dafna hérlandis. Hún benti á góðan árangur Íslendinga á sviði jarðhita og sagði okkur geta náð góðum árangri á fleiri sviðum. Steindór talaði um fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja og fór yfir verkefni Landsbankans til að styðja við nýsköpun. Steindór sagði að bein aðkoma banka á eignarhaldi fyrirtækja væri ekki æskilegt heldur væri betra að þeir ynnu í gegnum sjóði eins og verið hefur.

Starfsskilyrði fyrirtækja og mikilvægi þess að aflétta gjaldeyrishöftum bar hæst í máli fundarmanna. K-C Tran fjallaði um fjármögnun fyrirtækja og Jón Ágúst Þorsteinsson um samstarf fyrirtækja á sviði grænnar tækni.

Að loknum fundi var skoðunarferð um verksmíðu Carbon Recycling International.

Ný stjórn CleanTech Iceland er skipuð þeim K-C. Tran, formanni, Jóni Ágústi Þorsteinssyni, Hilmi Inga Jónssyni, Sigurði Eiríkssyni og Guðnýju Reimarsdóttur.



Vöxtur hjá TM Software

Mikill vöxtur er hjá hugbúnaðarfélaginu TM Software en það bætti við sig 11 nýjum starfsmönnum á dögnum. Í heild hefur félagið bætt við sig 20 nýjum starfsmönnum á árinu. Um er að ræða starfsfólk sem kemur að flestum þáttum hugbúnaðarframleiðslu og markaðssetningu hugbúnaðarlausna. Nú starfa 100 manns hjá félaginu.

Ágúst Einarsson framkvæmdastjóri TM Software segir að tekjur félagsins hafi vaxið umfram væntingar fyrstu þrjá ársfjórðunga 2013. „Mikil eftirspurn er eftir lausnum félagsins. Af því leiðir að það hefur bætt við sig miklum fjölda starfsmanna og í raun sér ekki fyrir endann á þessum góða vexti, hér á bæði við sölu á vörum og þekkingu fyrirtækisins innanlands sem erlendis,“ segir Ágúst.

Ágætur hagvöxtur en margþætt óvissa

Þó nokkur kraftur mælist í efnahagslífinu um þessar mundir og hagvöxtur meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Staða einstakra atvinnugreina er hins vegar misjöfn. Horfur á næsta ári eru þokkalegar en fjárfestingar sem fyrr of litlar.

Hagvöxtur á fyrstu þremur ársfjórðungum þessa árs mældist 3,1% miðað við sama tíma í fyrra. Þetta er umtalsvert meiri hagvöxtur en búist hafði verið við og tvöfalt meiri vöxtur en var á sama tíma í fyrra. Þjóðarútgjöld sem eru mælikvarði á útgjöld samfélagsins innanlands, drógust hins vegar saman um 0,5% en á móti leggur utanríkisverslunin mikið til hagvaxtarins eða 2,6%. Fyrr á árinu höfðu ýmsir spáð því að bakslag yrði í efnahagsbatanum en svo virðist ekki verða raunin. Hagkerfið er drifið áfram af einkaneyslu og útflutningi, þá sérstaklega þjónustuútflutningi sem helst í hendur við mikinn ferðamannastraum. Þrátt fyrir ágætan vöxt í hagkerfinu er ljóst að aðstæður ólíkra atvinnugreina eru mismunandi. Útflutningsdrifnar atvinnugreinar ganga vel en þær greinar sem einkum reiða sig á heimamarkað eiga erfiðara uppdráttar.

Fjárfestingar of lágar þrátt fyrir vöxt Þótt nokkur vöxtur sé í almennum fjárfestingum er fjárfestingastigið sem hlutfall af landsframleiðslu enn lágt. Síðustu ár hefur þetta stig verið í kringum 12-13% af landsframleiðslu en þyrfti að vera nær 20% til að framleiðslugeta hagkerfisins byggist eðlilega upp. Margar ástæður liggja að baki lágu fjárfestingastigi. Mikil og hröð skuldsetning var í íslensku atvinnulífi í aðdraganda kreppunnar sem svo stökkbreyttist við fall krónunnar. Vegna þessa eru efnahagsreikningar margra fyrirtækja enn laskaðir og fjárhagslegri endurskipulagningu enn ekki lokið. Allt veldur þetta því að vilji og geta fyrirtækja til fjárfestinga er minni en ella. Nýir dómar Hæstaréttar sem féllu um erlend lán í desember benda þó til að úr sé að rætast. Ein skýring á lágru fjárfestingu síðustu misserin er að óvenju hátt fjárfestingahlutfall var á árunum fyrir kreppu þegar aðgengi að lánsfé var mikið. Það getur valdið ákveðinni mettun þannig að núverandi fjárfestingaþörf er minni en ella. Horfur eru á að fjárfestingar á næstu misserum munu áfram að vaxa hægt.

Bati á vinnumarkaði en óvissa vegna kjarasamninga

Atvinnuástand heldur áfram að batna og mældist atvinnuleysi 4,5% á þriðja ársfjórðungi skv. Vinnuálastofnun en 5,4% skv. Vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar sem gefur raunsæri mynd. Á einu ári hefur atvinnuleysi minnkað um eitt prósent og um þrjú til fjögur prósent frá því að atvinnuleysi náði hámarki. Á sama tíma fjölgaði störfum og voru 4,3% fleiri en á sama tíma í fyrra og hlutfall þeirra sem eru starfandi hækkaði um tvö prósent prósentur. Heildarvinnustundum fjölgaði að sama skapi um 5,6%. Bati á vinnumarkaði er nokkru meiri en búist var við og helst í hendur við jákvæðari hagþróun en almennt var reiknað með á fyrri hluta árs. Þótt ástand á vinnumarkaði sé að batna er líklegt að atvinnuleysi verði áfram hátt í sögulegu samhengi.

Vaxtahækkun í kortunum

Stýrivextir Seðlabankans hafa verið óbreyttir allt árið en á vaxtaákvörðunarfundi bankans í desember kvað við nýjan tón. Bankinn boðar í yfirlýsingu sinni að aðhald peningastefnunnar verði aukið hraðar og fyrr en áður var áætlað. Ástæðan er annars vegar nýlega boðaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar um lækkun skulda og hins vegar sú staðreynd að batinn í hagkerfinu er meiri en búist var við. Ennfremur ítrekar bankinn varnaðarorð sín vegna yfirstandandi kjarasamninga og segir að verði launahækkanir umfram það sem samrýmist verðbólgu-markmiði bankans muni vextir að óbreyttu hækka í kjölfarið. Verðbólga mælist nú 3,7% og talið líklegt að hún hækki lítillega á næstunni. Helstu óvissuþættir varðandi verbólguþróun eru niðurstöður kjarasamninga, aðhald í opinberum fjármálum og áhrif skuldaleiðréttinga á verðlag og neyslu.

Utanríkisviðskipti og alþjóðleg efnahagsþróun

Vöxtur útflutnings mældist 3,9% á fyrstu þremur ársfjórðungum þessa árs en þar af er þjónustuútflutningur að vaxa um



7,2% og vöruútflutningur um 2%. Það sem af er þessu ári mælist þjónustuútflutningur um 40% af heildarútflutningi sem er óvenjuhátt hlutfall. Þetta er einkum til marks um kraftinn í ferðaþjónustu og fjölgun erlendra ferðamanna.

Staðan í alþjóðahagkerfinu hefur umtalsverð áhrif á þróun efnahagslífsins hérlendis og er sem fyrr einn af helstu óvissuþáttum varðandi frekari efnahagsbata. Efnahagsþróun í helstu viðskiptalöndum okkar einkennist af hægfara efnahagsbata. Talið er líklegt að enn geti komið bakslag í þennan bata og gæti það grafið undan vexti útflutnings og rýrt viðskiptakjör okkar.



Norræna skráargatið innleitt á Íslandi

Norræna skráargatið hefur verið innleitt hér á landi. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skrifaði undir reglugerð því til staðfestingar við hátíðlega athöfn í ráðuneytinu 12. nóvember.

Matvælastofnun og Embætti landlæknis standa sameiginlega á bak við Skráargatið og hafa unnið að innleiðingu þess. Um er að ræða opinbert samnorrænt merki sem má finna á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi innihald næringarefna:

- Minni og hollari fita
- Minni sykur
- Minna salt

Meira af trefjum og heilkorni

Skráargatið á að auðvelda neytendum að velja hollari vörur og þar með að fara eftir opinberum ráðleggingum um mataræði. Merkið gefur vísbendingu um að vörur sem það bera séu betri kostur út frá næringarsjónamiði en aðrar vörur í sama flokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera merkið. Í viðauka með reglugerðinni kemur fram hvaða skilyrði vörur þurfa að uppfylla til að mega bera merkið og er notkun þess frjálst að uppfylltum þeim skilyrðum. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur er merkinu ætlað að hvetja matvælaframleiðendur til að þróa matvörur með tilliti til skilyrða skráargatsins og stuðla þannig að auknu úrvali á hollum matvælum á markaði. Það er hlutverk Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga að fylgjast með að farið sé eftir reglum um notkun merkisins. Opnað hefur verið sérstakt vefsvæði, skraargat.is, þar sem bæði framleiðendur og neytendur geta fundið allar helstu upplýsingar um merkið.

Kjörís valið fyrirtæki ársins á Suðurlandi



Frá vinstri: Anna Kristín Kjartansdóttir, skrifstofustjóri, Valdimar Hafsteinsson, framkvæmdastjóri, Gils Einarsson formaður Verslunarmannafélags Suðurlands, Halldóra S. Sveinsdóttir formaður Bárunnar, stéttarfélag og Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri

Kjörís hefur verið valið fyrirtæki ársins í árlegri könnun sem Bárán, stéttarfélag, og Verslunarmannafélag Suðurlands standa fyrir meðal félagsmanna sinna. Í öðru sæti hafnaði Landsvirkjun og Sláturfélag Suðurlands í því þriðja.

Markmið könnunarinnar er að gera það eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki að hljóta nafnbótina og um leið að skapa sér gott

orðspor á vinnumarkaði. Fulltrúar starfsmanna og forsvarsmenn Kjöríss tóku á móti formönnum félaganna sem mættu með veglega blómakörfu og viðurkenningskjal til staðfestingar á kjörinu.

Könnunin var gerð meðal félagsmanna og spurt út í aðbúnað, stjórnun, líðan og kjarasamningsbundin réttindi.

Nýir félagsmenn SI

Fluor Island ehf.
Fagradalsbraut 11
700 Egilsstöðum

Hug - Verktakar ehf.
Ægisvöllum 27
230 Reykjanesbæ

Skrauma ehf.
Dalbraut 4
370 Búðardal

Brum Funding ehf.
Gnoðarvogi 22
104 Reykjavík

Ikan ehf.
Egilsögðu 4
310 Borgarnes

Nýr formaður Samtaka gagnavera

Aðalfundur
Samtaka
gagnavera – DCI
var haldinn
föstudaginn 15.
nóvember.

Eyjólfur M. Kristinsson framkvæmdastjóri rekstrarlausna hjá Advania tók við formennsku af samstarfsmanni sínum Kolbeini Einarssyni. Aðrir stjórnarmenn eru Isaac Kato hjá Verne Holdings ehf. og Gunnar Zoëga hjá Nýherja.

Í skýrslu formanns kom fram að brýnu málin hjá gagnaverum eru skatta- og tollamál.

Þar hafa nokkrar smáorrustur unnist en betur má ef duga skal.



Vöxtur fyrirtækja og frumkvöðla kallar á rétt umhverfi

Viltu vaxa? var yfirskrift fjögurra málstofa sem haldnar voru í tilefni SME Week, Evrópsku fyrirtækjavikunnar. Fjallað var um útflutning, tengslamyndun, fjármögnun og rannsóknir og nýsköpun. Vöxtur í víðum skilningi var því þemað og málstofugestir voru á einu máli um að ekki væri nóg að einblína á vaxta- og veltutölur fyrirtækjanna enda væri persónulegur vöxtur og velferð sjálfra frumkvöðlanna ekki síður mikilvægur þáttur í allri sköpun.

Mikill kraftur býr í íslenski þjóð

Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors og talsmaður vikunnar á Íslandi setti málstofurnar. Hún vitnaði m.a. í McKinsey-skýrsluna og sagði greinilegt hvar vaxtarfæri okkar liggja. „Við erum með sjávarútveg í heimsklassa. Við eigum orkuna, sem þarf að huga að. Við erum með ferðaþjónustu, sem fer sífellt stækkandi. Og við erum með vaxtarfyrirtæki, sem byggja á nýsköpun og framþróun. Við þurfum að hlúa að þessum geirum til þess að geta verið með heilbrigðis- og menntakerfi í heimsklassa. Við höfum alla möguleika á því að setja okkur það markmið að vera með besta menntakerfi í heimi. Til að við náum að halda í hagvöxtinn og vera meðal fremstu þjóða, þurfa frumkvöðlar, fyrirtæki og fjárfestar að taka höndum



saman til þess að láta þessa draumsýn rætast því við viljum vaxa á alla kanta,” segir Vilborg.

Fjörugar umræður í fjórum málstofum

Í málstofu um útflutning kom fram að að líkja mætti áformum um útflutning við undirbúning maraþonhlaups. Skilgreina þurfi nákvæmlega hvaða árangri hlauparinn ætlar að ná og á hve löngum tíma. Þá þurfi að leita ráða hjá öðrum, sem hafa farið í svipaða vegferð áður, afla gagnlegra upplýsinga, vinna undirbúninginn vel og afla góðra samstarfsaðila.

Í málstofu um tengslanetið kom fram að tengslanetsmyndun snúist um að mynda langtíma sambönd sem byggðust á einlægni og heiðarleika auk sífellds

endurmats á eigin getu og hæfni. Þá er mikilvægt að mynda tengsl á ólíklegustu stöðum með ólíklegasta fólki þar sem tveir heimar skarast.

Í málstofu um fjármögnun sýndu Ýmir Örn Finnbogason hjá Plain Vanilla og Guðmundur F. Sigurjónsson hjá Keresis fram á dæmi þar sem vel hefur tekist til með fjármögnun og sögðu grunn þess árangurs vera góða undirbúningsvinnu, öflugar viðskiptaáætlanir og óbilandi trú á viðskiptahugmyndina. Sú trú hafi smitast yfir til fjárfesta, sem hafi séð sér hag í að taka þátt í árangrinum.

Í málstofu um rannsóknir og nýsköpun fóru fyrirlesarar í gegnum þróunarsögu fyrirtækja sinna, miðluðu reynslu sinni af stoðumhverfinu og voru sammála um að styrkir til þróunarvinnu væru fjárfesting til framtíðar.

Gestur G. Gestsson
endurkjörinn formaður
SUT



Á aðalfundi SUT – Samtaka upplýsingatæknifyrirtækja föstudaginn 29. nóvember var kosin ný stjórn. Formaður samtakanna, Gestur G. Gestsson Advania var endurkosinn. Nýjir meðstjórnendur kosnir til tveggja ára eru Finnur Oddsson Nýherja, Heimir Fannar Gunnlaugsson Microsoft og Daði Kárason, LS retail.

Þrjú meðstjórnendur sem sitja áfram eru þeir Daði Friðriksson Tölvumiðlun, Haukur Þ. Hannesson AGR og Björn Ingvarsson CCP.

Formaður fór á fundinum yfir helstu áherslur starfsársins sem eru árangursríkara samstarf við stjórnsýslu og löggjafarvaldið, aukið aðgengi að „rétt“ menntuðu starfsfólki, samstarf útflutningsfyrirtækja og samkeppnishæfni íslenskra upplýsingatæknifyrirtækja í ljósi gjaldeyrishafta, skatta og hagsveifna.

SME Week í 37 Evrópulöndum

Undanfarin fjögur ár hefur ein vika á ári verið helguð nýsköpunarfyrirtækjum og frumkvöðlum í Evrópu undir yfirskriftinni SME Week eða Evrópska fyrirtækjavikan. SME Week er haldin á vegum framkvæmdastjórnar ESB í 37 Evrópulöndum dagana 25.-30. nóvember. Markmið vikunnar er að veita heildaryfirsýn og skapa umræðu um stuðningskerfi nýsköpunar fyrir frumkvöðla og lítil og meðalstór fyrirtæki. Samstarfsaðilar framkvæmdastjórnar ESB og framkvæmdaraðilar vikunnar á Íslandi eru Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Íslandsstofa, Rannís, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.



Iðning 2012 í Íþrótt- og sýningarhöllinni í Laugardal

Iðning 2014 20 ára afmæli

Iðning verður haldið fimmtudaginn 6. mars í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal og hefst með aðalfundi.



Árshóf Samtaka iðnaðarins verður haldið í Hörpu, Silfurbergi föstudaginn 7. mars og hefst kl. 19.30 með fordrykk



Samtök iðnaðarins undirbúa í samvinnu við útgáfu-fyrirtækið Gogg **Iðnsýningu** í Laugardalshöllinni undir yfirskriftinni Vika iðnaðarins dagana 7. – 9. mars.

Síðasta Iðnsýning var sett upp fyrir fjölmörgum árum. Síðan þá hefur íslenskur iðnaður vaxið og dafnað og er tilgangur sýningarinnar að kynna fjölbreytileika íslensks iðnaðar. Af mörgu er að taka enda ótrúlega mikil þekking, hugvit og nýsköpun innan íslenskra fyrirtækja. Iðnsýningin skapar gott tækifæri að kynna sér íslenskan iðnað og skoða hvað fyrirtækin hafa upp á að bjóða. Haldnar verða fjölbreyttar málstofur um einstakar greinar og önnur brennandi málefni.

Menntadagur atvinnulífsins verður haldinn í upphafi Viku iðnaðarins eða 3. mars á Nordica Hilton Reykjavík



Íslandsmót iðn- og verkgreina verður haldið dagana 6. – 8. mars í Kórnum í Kópavogi. Þar keppa nemendur í iðn- og verkgreinaskólum landsins í ýmsum iðngreinum auk þess sem skólarnir kynna starfsemi sína. Íslandsmótinu er stýrt af Verkiðn, sem samanstendur af 15 fagfélögum og Iðnmennt. Fagfélögin sjá um framkvæmd og fjármögnun keppnisgreinanna og MMR er stærsti styrktaraðili Verkiðnar.



Íslandsmót iðn- og verkgreina í HR 2012